



MENNTAVÍSINDI

Listrænt ákall til náttúrunnar: áhersla á starfspróun í skóla- og frístundastarfi

Hvernig hægt er að tengja list- og verkgreinar við náttúrufræði til að veita verkefnum meiri dýpt?

Námskeiðið veitir starfsfólki í skóla- og frístundastarfi tækifæri til að þróa eigin starfskenningu með áherslu á að miðla náttúruvísindum á skapandi hátt. Markmiðið er að styðja við þátttakendur sem vilja prófa þverfagleg, fyrirbærafræðileg verkefni sem fjalla um málefni náttúrunnar á skapandi hátt með aðferðum list og verkgreina. Þátttakendur öðlast reynslu í að rýna í og ígrunda eigin kennslu og starf. List- og verkgreinakennarar öðlist nýja sýn inn í málefni náttúrufræði. Náttúrufræðikennarar kynnist vinnuaðferðum lista og hönnunar. Lögð er áhersla á að kennarar byggi á fyrri reynslu og leiti leiða til að auka áhuga ungs fólks á náttúrufræðum og málefnum sjálfbærni. Þátttakendur miðla af eigin reynslu og gera tilraunir með fjölbreyttar tengingar á milli náttúrufræða og skapandi listrænna nálgana. Ígrundanir og jafningjarýni verða markvisst nýtt til þróunar á eigin starfsháttum. Námskeiðið er unnið með hliðsjón af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

MARKHÓPUR

Námskeiðið hentar öllum í skóla- og frístundastarfi; sérstaklega starfandi kennurum í grunnskóla, leikskóla og starfsfólki félagsmiðstöðva og frístundaheimila.

TÍMI OG VINNULAG

Námskeiðið fer alfarið fram á Netinu þar sem þátttakendur hittast vikulega kl. 15:00-17:30 frá miðjum janúar til lok apríl og vinna verkefni í tengslum við undirbúning, kennslu og ígrundun í sínum heimaskóla.

SKRÁNING, SKRÁNINGARGJALD OG EININGAR

- 7. DES.** Áhugasamir eru hvattir til að skrá sig í gegnum [skráningarsíðu Starfspróunar MVSt](#).
- 55.000 KR.** Skráningargjald er 55.000 kr.* Gjaldþagi er 6. janúar 2021.
- 10 ECTS** Námskeiðið gefur 10 ECTS á framhaldsstigi.

Námskeiðslýsing í kennsluskrá: <https://bit.ly/3fCoDiV>

* Fólk skráð í HÍ þarf ekki að greiða sérstaklega fyrir þetta námskeið. Nánari upplýsingar um skráningargjöld á [skráningarsíðu](#).



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ